

Opinn kynningarfundur um breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulag fyrsta áfanga Vogabyggðar í Vogaskóla kl. 17 fimmtudaginn 2. júní 2016

Dagskrá fundar:

- **Hjálmar Sveinsson** formaður umhverfis- og skipulagsráðs opnaði fund.
- **Haraldur Sigurðsson** verkefnisstjóri aðal- og svæðisskipulags hjá Reykjavíkurborg kynnti drög að breytingu á aðalskipulagi
- **Sigríður Magnúsdóttir** arkitekt hjá Teiknistofunni Tröð kynnti drög að deiliskipulagi fyrsta áfanga ásamt rammaskipulagi.

Að framsögum loknum svöruðu frummælendur fyrirspurnum. Auk þeirra sátu fundinn og voru til staðar til að svara **Björn Axelsson** skipulagsfulltrúi, **Þorsteinn Hermansson** samgöngustjóri, **Ásgeir Björgvinsson** f.h. Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur, **Einar I. Halldórsson** hjá skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar, **Ámundi Brynjólfsson** hjá skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Fundarstjóri var **Gunnar Hersveinn** og ritarar **Björn Ingi Edvardsson** og **Ágústa Sveinbjörnsdóttir** verkefnisstjórar hjá skipulagsfulltrúa.

Fundur hófst kl. 17.08.

Um 40-45 manns voru á fundinum.

Gunnar Hersveinn opnaði fundinn og bauð gesti velkomna og fór yfir dagskrá fundar. Hjálmar Sveinsson ávarpaði gesti og fór yfir ferlinn bæði það sem er liðið og það sem er framundan, þ.e. þegar tillaga fer í auglýsingu á bæði aðal- og deiliskipulaginu þá er hægt að koma með formlegar athugasemdir við tillögu. Framkvæmdir gætu mögulega hafist á næsta ári ef vel gengur að klára skipulagsferlið á svæði 2 í Vogabyggð.

Haraldur Sigurðsson fór síðan yfir aðalskipulagsbreytinguna (sem var kynnt á fundinum sem drög og er þegar aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar) og sem er fyrirhugað að auglýsa í 6 vikur samhliða deiliskipulagsferlinu fyrir svæði 2. Sjá vefsíðu: www.adalskipulag.is Í meginatriðum felst tillagan í fjölgun íbúða úr 400 íbúðum í 1300 íbúðir auk skilgreiningu á svæði fyrir samfélagsþjónustu (grunnskóli, leikskóli, frístundaheimili), auk fleiri atriða sem eru nefnd í tillögu.

Sigríður Magnúsdóttir kynnti drög að deiliskipulagi fyrir svæði 2 í Vogabyggð, fyrirbyggjandi tillögu sem og forsendur þær sem liggja til grundvallar skipulaginu. Uppdrættir sýndir, skýringarmyndir, sneiðingar, skuggvarp ofl. myndir til skýringa á tillögu. Rennt yfir þær greinargerðir sem liggja fyrir bæði er varðar innviði sem og mannvirki á uppbyggingarlóðum.

Að loknum framsögum tók Gunnar Hersveinn við fundarstjórn og þá var opið fyrir fyrirspurnir.



Spurningar/athugasemdir	Svör
Spurt var um hvenær skipulagið færi í auglýsingu og einnig spurt um Sundabraut og hvort það trufla á einhvern hátt fyrirhugað skipulagsferli.	Að öllum líkindum fer skipulagið fyrir umhverfis- og skipulagsráð innan 2-3 vikna. Varðandi Sundabraut þá er ekki gert ráð fyrir að hún liggi nálægt Vogabyggð, heldur er hún staðsett í aðalskipulagi nær Holtavegi. Ekki er gert ráð fyrir að fyrirhuguð Sundabraut hafi áhrif á uppbyggingu nýs hverfis í Vogabyggð.
Spurt var um samningamál og hvort eigi að auglýsa skipulagið áður en samið verður við alla lóðarhafa.	Borgarráð hefur samþykkt að ef 70% lóðarhafa innan skipulagssvæðis samþykkja samningana þá er gert ráð fyrir að skipulagið fari í auglýsingu og framhald varðandi uppbyggingu. Á svæði 2 hefur verið samið við yfir 70% aðila.
Spurt var um hljóðvist við Sæbraut og hvort það hafi áhrif á byggð vestan megin við Sæbraut.	Já það gæti mögulega haft áhrif á hljóðvist á byggð vestan megin og gefur tilefni til að skoða það, það svæði er hins vegar utan skipulagssvæðis fyrir Vogabyggð 2.
Spurt var um göngutengingar og almenningssamgöngur fyrir svæðið.	Rammaskipulagið gerir ráð fyrir þverun yfir Sæbraut. Gert er ráð fyrir að strætó geti stoppað á svæðinu og syðst á svæðinu er borgarlínan fyrirhuguð sem tengist vestur - austur í borginni.
Spurt var um almenningssamgöngur og tímasetningar á nýrri borgarlínu.	Verkefnið um borgarlínuna er í raun hafið (forgangsreinar strætó) og er um að ræða samstarfs og forgangsverkefni allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Það mun taka áratug að koma borgarlínunni í gagnið.
Lóðarhafi á svæðinu spurði um samningamál og fannst upplýsingastreymið ekki nógu gott varðandi framgang verkefnisins. Þá var einnig spurt um hvenær gatnagerð hæfist.	Upplýsingastreymi hefur verið mjög gott og hafa viðræður og fundir verið haldnir við alla lóðarhafa á svæðinu. Haldnir hafa verið nokkrir kynningarfundir nú þegar fyrir lóðarhafa. Gatnagerð verður framkvæmd samhliða uppbyggingu á lóðum.
Spurt var um núverandi starfsemi á svæðinu og hvort það geti hamlað uppbyggingu á	Nei, en vissulega geta komið upp flækjustig þegar stórt svæði fer í uppbyggingu. Hverfið



heildinni, nefnir sem dæmi Björgun sem hefur hamlað stækkun Bryggjuhverfisins.	á að vera fyrir blandaða starfsemi, íbúðir og atvinnu.
Spurt var um íbúðagerðir í Vogabyggð og hvort möguleiki væri á íbúðum fyrir ungt fólk í fyrirhuguðu hverfi.	Já, áhersla er á fjölbreyttar húsagerðir og húsnæði fyrir alls konar fólk með áherslu á félagslega blöndun. Á lóðum með fleiri en 20 íbúðir skulu leiguíbúðir vera í samræmi við húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar. Stefnt að 25-30% húsnæðis verði leiguíbúðir fyrir m.a. barnafjölskyldur og námsmannaíbúðir. Á lóðum með fleiri en 40 íbúðir er gerð krafa um að Félagsbústaðir hafi kauprétt að 5% íbúða.
Spurt var hvað íbúar fái í staðinn fyrir lóðarskerðingu. Hafi ekki fengið svör við þeirri spurningu á tveimur fundum.	Rammskipulag hefur legið fyrir og búið er að funda með öllum lóðarhöfum 1-2 sinnum. Allar lóðir verða fyrir skerðingu undir götur, torg o.s.frv. en byggingarmagn eykst verulega. Allir fá skerf af kökunni.
Óska eftir að fá útskýringu á lyktarmengun og hvort lausnin verði háir strompar.	Hægt er að leysa innan byggingar og búnaður þarf ekki að vera sýnilegur. Gæti líka verið vandaður hreinsibúnaður.
Spurt var hvað taki langan tíma að ljúka uppbyggingu á svæðum 1-4 og hvort Vogaskóli eigi að taka við fyrstu nemendum og þá einnig hvenær nýr skóli verði byggður.	Uppbyggingarhraði hverfisins er ekki kunnur. Lóðarhafar ráða uppbyggingarhraðanum en borgin byggir götur samhliða. Meðan skólinn er óbyggður fari börn fyrst um sinn í Vogaskóla en nýr skóli mun byggður sunnan Snarfara þegar uppbygging vindur fram. Í Vogaskóla eru nú 300 börn en voru flest 400. Skólinn getur því tekið við um 100 nemendum. Einnig hefur komið upp hugmynd um að færa skólahverfið í vestur vegna þrengsla í Langholtsskóla. Uppbygging verður líklega fyrst á svæði 2, síðan á svæði 1 og 3 og síðast á svæði 4. Flækjustig er meira á svæði 3 en vonandi hægt að auglýsa deiliskipulagið þar í haust.

Hjálmar Sveinsson, formaður Umhverfis- og skipulagsráðs átti lokaorðin.

Fundi lauk kl. 18:45